

# SJÓÐUR 1A - SKULDABRÉF

Meðallangur blandaður skuldabréfasjóður

janúar 2012

## Sjóðurinn er í slitiferli

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Stofnár	1991
Grunnmynt	ISK
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
Sjóðsstjóri	Mogens Mogensen
Framkvæmdastjóri	Agla Hendriksdóttir

### ÞÓKNANIR

Kaup, flokkur A	Lokað, sjóður í slitiferli
Regluleg áskrift, flokkur A	Lokað, sjóður í slitiferli
Árleg umsjónarlaun, flokkur A	1,0%

### VIÐSKIPTI

Sjóðurinn er í slitiferli og því er lokað fyrir viðskipti með hann.

### Aðrar upplýsingar

Fjöldi skuldara	36
Gengi m.v. 30.12.2011	6542,5415
Meðaltími rekstrarhæfra skuldabr.	3,78
Meðal áv. krafa rekstrarh. skuldabr.	4,32%

### SKATTLAGNING

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Íslandsbanki Eignastýring  
 Kirkjusandi 2-4, 155 Reykjavík  
 Sími 440-4900  
[www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)  
[www.islandsbanki.is/sjodir](http://www.islandsbanki.is/sjodir)


### Upplýsingar

Sjóðurinn er að stórum hluta samsettur af skuldabréfum fyrirtækja og stofnana en óveruleg verðmyndun hefur verið á slíkum bréfum á markaði frá bankahruni. Vegna þessa er einungis hægt að verðmeta bréfin eftir bestu upplýsingum um fyrirtækin hverju sinni. Slíkt mat er mikilvægur hluti af rekstri sjóðsins í því ástandi sem ríkir á mörkuðum til þess að hægt sé að enduspegla sem best virði hans. Af þessum ástæðum og í þeim tilgangi að gæta jafnræðis meðal sjóðsfélaga hefur reynst nauðsynlegt að halda sjóðnum lokuðum frá 6. október 2008 og var honum endanlega slitið í janúar 2010.

Núverandi markmið sjóðsins er að hámarka virði eigna hans og umsjón með þeim. Í því felst meðal annars eftirfylgni við innheimtu skuldabréfa í eigu sjóðsins, semja við stjórnendur þeirra fyrirtækja sem ekki geta staðið við skuldbindingar sínar og taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þegar slíkt er metið skynsamlegur kostur út frá hagsmunum sjóðsfélaga. Auk þess að lýsa kröfum í þau fyrirtæki sem tekin eru til gjaldprotaskipta og sinna eftirfylgni með slíkum kröfum. Þær greiðslur sem síðan berast t.d. vegna afborgana, vaxta eða annarra greiðslna eru síðan greiddar út til sjóðsfélaga með reglubundnum hætti eða að jafnaði um tvisvar á ári.


Verðmatið sem notað er hér á eignum sjóðsins miðast við áætlað endurheimtuvatnið þeirra fyrirtækja sem talin eru órekstrarhæf og fyrir rekstrarhæf félög miðast verðmatið við áhættuálg ofan á vaxtaferil. Matið getur hækkað jafnt sem lækkað og breytist með aðstæðum fyrirtækjanna og vaxtastigi. **Um er að ræða svartstýnt verðmat Íslandssjóða og því líklegt að endanlegar endurheimtur verði betri en núverandi mat gefur tilefni til.**

### Eignasamsetning



### Fyrirtækjasamsetning

Hér að neðan er skipting fyrirtækjabréfa í eigu sjóðsins eftir flokkun fyrirtækja



Í flokkinn rekstur fara tryggingafélög, olíufélög, fjarskiptafélög og framleiðslufyrirtæki



### Flokkun eigna\*

Rekstrarhæf, skuldabr.	25%
Rekstrarhæf, hlutabr.	19%
Órekstrarhæf, skuldabr.	49%
Órekstrarhæf, hlutabr.	6%
Laust fé	1%

\* Að teknu tilliti til skuldajöfnunar afleiðuskuldar


### Verðtryggingarhlutfall

Verðtryggt	40%
Óverðtryggt	60%



Fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu Sjóðs 1A - skuldabréf, sérstaklega umfjöllun um áhættu, á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tilefna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilefnum fjármálagerningum.

**Áætlaður endurgreiðsluferill rekstrarhæfra skuldabréfaútgefenda**
**Útgreiðslur og áætlað endurheimtuhlutfall**


Endurgreiðsluferill skv. skilmálum undirbyggjandi skuldabréfa á ofangreindu tímabilum m.v. að útgjafendur verði greiðsluhæfir. Ferillinn að ofan nær til ársins 2017 og ekki er um fullan greiðsluferil að ræða þar sem einhverjar greiðslur munu falla til eftir árið 2017. Rekstrarhæfir skuldabréfaútgjafendur nema nú um 25% af heildareignum sjóðsins.

Sjóður 1	% af eign 3.10.2008	
Útgreiðsla	8.2.2010	40,7%
Útgreiðsla	12.5.2010	2,2%
Útgreiðsla	3.12.2010	2,2%
Útgreiðsla	4.5.2011	6,0%
Útgreiðsla	13.12.2011	2,9%
<b>Samtals útgreiðslur</b>		<b>54,0%</b>
Eftirstöðvar	30.12.2011	5,8%
<b>Áætlaðar heildarendurheimtur*</b>		<b>59,9%</b>

Yfirlitið að ofan sýnir þær útgreiðslur sem gerðar hafa verið úr sjóðnum frá því hann var tekinn í slitameðferð. Fram kemur dagsetning útgreiðslu og hversu hátt hlutfall af hreinni eign hver útgreiðsla var m.v. eignastöðu sjóðsins 3.10.2008 þegar lokað var fyrir viðskipti með sjóðinn.

**\*Áætlaðar endurheimtur eru m.v. svartsýnt mat sérfræðinga Íslandssjóða og því er líklegt að endanlegar endurheimtur verði betri en núverandi mat gefur tilefni til.**

**Stærstu útgjafendur í eigu sjóðsins**

Útgjafandi	Staða útgjafenda	Vægi
Glitnir Banki hf.*	Í slitameðferð	46,8%
Landssími Íslands		19,1%
Bakkavör Group ehf	Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið	11,8%
Atorka Group hf	Nauðasamningur samþykktur	9,9%
Lánasjóður landbúnaðarins		9,2%
N1 hf.	Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið	6,3%
Íbúðalánasjóður		6,0%
Eignahaldsfélagið Fjarskipti hf.	Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið	5,5%
Arion banki hf		4,4%
Eik Fasteignafélag	Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið	4,3%
Exista hf.	Nauðasamningur samþykktur	3,2%
Skýrr hf.	Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið	2,5%
Byr hf.	Í slitameðferð	2,2%
Árborg		2,1%
Sparisjóðabanki Íslands hf	Í slitameðferð	2,0%
Kaupthing Bank hf.	Í slitameðferð	1,6%
Skjaldborg kröfuhafafélag 5 ehf.		1,3%
Byggðastofnun		1,3%
Kópavogsbær		0,8%
Grindavíkurbær		0,4%
Mosfellsbær		0,3%
Reykjaneshöfn		0,3%
Sparisjóður Reykjavíkur og nágr.		0,1%
Aðrir skuldarar (undir 0,1% hver, 13 útgjafendur)		0,1%
<b>Samtals eignir</b>		<b>141,6%</b>
Laust fé		1,4%
Afleiðuskuld til skuldajöfnunar*		-42,9%
<b>Samtals</b>		<b>100,0%</b>

\* Skuld við Glitni banka vegna afleiðusamninga sem gert er ráð fyrir að skuldajafna á móti skuldabréfaeign sjóðsins